

Borgarstjórn
6. október 2020

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um skipan fjármálastýrihóps

Borgarstjórn samþykkir að skipaður verði stýrihópur um hagræðingar- og niðurskurðaraðgerðir vegna fjármálastöðu Reykjavíkurborgar. Stýrihópurinn skal vera skipaður átta kjörnum fulltrúum, einum frá hverjum flokki sem fulltrúa á í borgarstjórn. Verkefni stýrihópsins er að rýna fjárhagsáætlanir borgarinnar og skila tillögum að verulegri hagræðingu næstu þrjú árin án þess að til skerðinga komi á lögbundinni þjónustu eða grunnþjónustu. Skulu verklok stýrihópsins fyrir fjárhagsáætlun 2021 vera 15. nóvember 2020 og 1. október næstu ár á eftir.

Greinargerð:

Sveitarfélög víða um land standa nú frammi fyrir miklum fjárhagslegum vanda og er Reykjavíkurborg þar ekki undanskilin. Því er brýn þörf á að gripið sé til sameiginlegs átaks allra flokka í borgarstjórn til að mæta þeim vanda. Í þessari vinnu skal pólitískur ágreiningur lagður til hliðar og öll orka sett í að finna lausnir sem skila hámarks árangri án skerðinga á lögbundinni þjónustu og grunnþjónustu með hagsæld borgarbúa í fyrirrúmi.